



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 8. janúar 2014

Hækkið ekki!

Ein helsta forsenda þeirra kjarasamninga sem gerðir voru 21. desember er að verðbólga verði lág þannig að kaupmáttur í landinu aukist. Til þess að þetta takist er mikilvægt að opinberir aðilar og verslunar- og þjónustufyrirtæki haldi aftur af verðhækkunum á næstu misserum. Sveitarfélög vítt og breitt um landið hafa brugðist vel við kallinu. Nú berast hins vegar váleg tíðindi af fyrirtækjum og opinberum aðilum sem tilkynnt hafa verðhækkanir og eru þar með að vinna gegn markmiðum þess kjarasamnings sem undirritaður var fyrir jól. Þessi fyrirtæki ögra ekki bara launafólki í landinu heldur og þeim stöðugleika og kaupmáttaraukningu sem er leiðarljós kjarasamningsins.

Miðstjórn ASÍ krefst þess að þessar verðhækkanir verði dregnar til baka. Alþýðusambandið mun fylgjast grannt með verðhækkunum fyrirtækja og opinberra aðila. Ef verðhækkunum verður haldið til streitu mun ASÍ birta nöfn þeirra fyrirtækja sem hækka verð til upplýsingar fyrir neytendur.